

**Nd.**

**394. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið samnála um afgreiðslu þessa máls. Það var upplýst í nefndinni, að ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna og önnur hliðstæð lagaákvæði væru nú til endurskoðunar og athugunar í millipinganefnd, er síðasta búnaðarþing skipaði. Leit meiri hl. n. svo á, að ekki væri ástæða fyrir Alþingi að taka mál þetta fyrir að nýju og eitt út af fyrir sig, fyrr en millipinganefndin hefði skilað álitum um það, — án tillits til þess, hvort einstakir nefndarmenn gætu hugsað sér breytingu á þessum ákvæðum eða ekki.

Leggjum við undirritaðir því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.**

Þar sem ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna og önnur hliðstæð lagaákvæði eru nú til athugunar og endurskoðunar í millipinganefnd, er skipuð var af síðasta búnaðarþingi, telur deildin ástæðulaust að taka eitt þessara ákvæða til meðferðar, áður en tillögur millipinganefndarinnar liggja fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. nóv. 1943.

Bjarni Ásgeirsson,      Emil Jónsson.      Sigurður Guðnason.  
form., frsm.